



# BJÖRGUNARSVEITIN KJÖLUR



## Æfingadæmi fyrir kompás og kort.

Í öllum dæmunum hér á eftir er misvísun  $20^\circ$

Dæmi 1 a) Hver er stefnan eftir kompás frá Lambafelli (546m) á Kolviðarhól ?

\_\_\_\_\_

b) Hve langt er í Kolviðarhól þegar Stóra Reykjafell miðast hornrétt á göngustefnuna ?

\_\_\_\_\_

Dæmi 2 Blákollur miðast í  $277^\circ$ , Lambafellshnjúkur miðast í  $244^\circ$  hvoru tveggja eftir kompás. Setjið miðanirnar út í kortið og finnið stað athugara í UTM hnitakerfi

E \_\_\_\_\_ N \_\_\_\_\_

a) Hver er kompásstefnan þaðan í Engidal ?

\_\_\_\_\_

b) Hvað er langt þangað ?

\_\_\_\_\_

Dæmi 3 Gönguhópur leggur af stað frá Kolviðarhóli og er áfangastaður Skátaskálinn Kútur. Fyrsta stefna er  $150^\circ$  eftir kompás, þegar gengnir hafa verið 2,4 km eru gerðar eftirfarandi miðanir: Stóra Reykjafell miðast í  $280^\circ$  og höfði (412m) við Lakakrók miðast í  $192^\circ$  hvoru tveggja eftir kompás. Setjið miðanirnar út í kortið og finnið stað athugara í UTM hnitakerfi

E \_\_\_\_\_ N \_\_\_\_\_

a) Hver er réttvísandi stefna frá Litla Skarðsmýrarfjalli í athugaðan stað ?

\_\_\_\_\_

b) Hver er kompásstefnan frá athugunarstaðnum í skálann Kút ?

\_\_\_\_\_

Dæmi 4 Leitarhópur leitar svæði frá Stapafelli og nær leitarlínun 2,5 km í réttvísandistefnu  $75^\circ$  frá Stapafelli. Eftir 3 klst miðar vestasti maður Klóarfjall í stefnu  $343^\circ$  og Súlufell í stefnu  $23^\circ$  eftir kompás. Á sama tíma miðar austasti maður Klóarfjall í stefnu  $302^\circ$  og Kyllisfell í stefnu  $315^\circ$  eftir kompás.

a) Setjið miðanirnar út í kortið og finnið staðsetningu beggja mannana

Vestasti maður. E \_\_\_\_\_ N \_\_\_\_\_

Austasti maður. E \_\_\_\_\_ N \_\_\_\_\_

b) Afmarkið svæðið sem að hópurinn er búinn að leita.



# BJÖRGUNARSVEITIN KJÖLUR



## Æfingadæmi fyrir kompás og kort, frh.

Dæmi 5 Skíðahópur leggur af stað frá Garði við Hvanngil. Stefnan er tekin  $263^\circ$  eftir kompás. Þegar gengið hefur verið í eina klukkustund, miðast Tjarnarhnjúkur í  $141^\circ$  eftir kompás.

- a) Hve langt er hópurinn kominn frá Garði ef hann hefur haldið áætlaða stefnu ? \_\_\_\_\_

Stefnunni er nú breytt í  $222^\circ$  eftir kompás og sú stefna gengin og sneytt fyrir Kýrgil á miðri leið. Eftir tvær klukkustundir eru gerðar eftirfarandi miðanir eftir Kompás.

Tjarnarhnjúkur miðast í  $107^\circ$

Litla Skarðsmýrarfjall miðast í  $184^\circ$

- b) Setjið miðanirnar út í kort.  
c) Hver er kompásstefnan frá staðnum þar sem stefnunni var breytt í athugaðan stað ?

\_\_\_\_\_

- d) Af hverju hefur hópurinn borið af upphaflegri leið ?

\_\_\_\_\_

Dæmi 6 Menn á tveimur jeppum telja sig stadda 3 km austan við Skátaskálann Þrym. Klukkan er 10 að morgni. Færðin er erfið og er ferðahraði áætlaður 1.5 km á klukkustund. Þeir halda áfram í há suður eftir kompás. Klukkan 11 eru þeir staddir í 350 m hæð samkvæmt hæðarmæli sem þeir eru með, samtímis miðast Litla Skarðsmýrarfjall í stefnu  $325^\circ$  eftir kompás.

- a) Finnið athugaðan stað klukkan 11.  
b) Þeir setja nú stefnuna á skálann Þrym, hver er hún eftir kompás ?

\_\_\_\_\_

Klukkan 11:30 birtir til og miðast þá Stóra Reykjafell í stefnu  $279^\circ$  eftir kompás.

- c) Finnið athugaðan stað klukkan 11:30.  
d) Þeir setja núna stefnuna á Svínahlíð, hver er hún eftir kompás ?

\_\_\_\_\_



# BJÖRGUNARSVEITIN KJÖLUR



## Æfingadæmi fyrir kompás og kort. Svör við verkefnum.

- Dæmi 1
- a) Stefnan eftir kompás frá Lambafelli á Kolviðarhól er **80°**
  - b) Fjarlægðin til Kolviðarhóls þegar Stóra Reykjafell er hornrétt á göngu stefnuna er 800m
- Dæmi 2
- Staður athugarans er E 479000 N 7102000
- a) Stefnan eftir kompás í Engidal er 47°
  - b) Fjarlægðin til Engidals er 4,8 km
- Dæmi 3
- Staður athugarans er E 481900 N 7100800
- a) Stefnan réttvísandi frá Litla Skarðsmýrarfjalli er 250°
  - b) Stefnan eftir kompás til skálans Kúts er 76°
- Dæmi 4
- Staður vestasta manns er E 492800 N 7101700  
Staður austasta manns er E 495300 N 7102300
- Dæmi 5
- a) Fjarlægð hópsins frá Garði er 2,8 km
  - c) Stefnan eftir kompás frá staðnum þar sem stefnu var breytt er 227°
  - d) Vegna þess að hann þræddi leið upp fyrir Kýrgil og náði ekki inn á upphaflega leið aftur, heldur helt áfram rétttri stefnu (Drift)
- Dæmi 6
- b) Stefnan eftir kompás á skálann Þrym er 318°
  - d) Stefnan eftir kompás á Svínahlíð er 42°